



Hraun rennur úr nýju sprungunni í Meradali þar sem hægist á framrásinni. Jafn þrýstingur er í nýju sprungunni eins og hinum kötlunum tveim. Þorvaldur Þórðarson, jarðvísindamaður hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, segist vel skilja samlíkinguna við Kröfluelda. „Þetta byrjaði hægt og rólega og fann sér svo damp sem það heldur sér í,“ segir Þorvaldur. MYND/ALMANNAVARNIR

Jafn þrýstingur í nýrri sprungu

Í gærdag byrjaði að gjósa á nýjum stað við gosstöðina í Geldingadölum þegar nokkur hundruð metra sprunga opnaðist. Nokkrir fundu fyrir skjálftanum í aðdragandanum og fundu furðulega lykt í kjölfarið.

ELDGOS „Hér var fjör,“ segir Arnar Egilsson, þjónustustjóri Háskólans í Reykjavík, en hann var staddur í Geldingadölum þegar nýja sprungan lét á sér kræla í gær. „Við sátum norðan við gíginn, þeim megin sem björgunarsveitartjaldidið og myndavél mbl.is er staðsett þegar kom góður skjálfti nánast beint undir rassinn á okkur að okkur fannst. Svo fundum við einhverja lykt og þá fórum við aðeins að hreyfa okkur og gengum upp hólinn þar sem nýja sprungan blasti við okkur,“ segir Arnar.

Um hádegi í gær opnaðist ný sprunga við gosstöðina í Geldingadölum og rennur úr henni hraun í Meradali. Svæðið var rýmt og lokað fyrir aðgengi fyrir alla aðra en vísindamenn og Landhelgisgæsluna,

Þetta er viðbót á öllu. Það er stöðugt og byrjaði eiginlega nákvæmlega eins og hitt. Kemur upp með engum látum og hraunkvikan flæddi með stöðugu rennsli.

Þorvaldur Þórðarson, jarðvísindamaður hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands



sem skoðuðu svæðið úr lofti, og var sett á flugbann vegna vísindaflugs. Arnar var að skoða gosið í þriðja

sinn og segir að þessi nýja sprunga minni sig á Kröflueldana en hann er alinn upp í Mývatnssveit og fór ungar að skoða þá. „Þetta er opin sprunga yfir gróið land sem minnti mig á hvernig þetta leit út í Kröflueldum þegar ég var að skoða þá 10–11 ára. Það sem maður man eftir eru þetta mikil líkindi í sjón án þess að fara of mikið í jarðfræðina – aðrir verða að segja til um það.“

Þorvaldur Þórðarson, jarðvísindamaður hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, segist vel skilja samlíkinguna þó ástæðurnar á bak við séu ódrúvísi. Hann segir nýju sprunguna vera viðbót. „Það er magnað hraunflæði þarna. Þetta er viðbót á öllu. Það er stöðugt og byrjaði eiginlega nákvæmlega eins og

hitt. Kemur upp með engum látum og hraunkvikan flæddi með stöðugu rennsli. Þetta rennsli heldur sér.“

Hraunflæðið rennur niður í Meradali þar sem hægist á framrásinni en miðað við hvað er jafn þrýstingur er líklegt að dalirnir muni taka við töluvert miklu hrauni næstu daga, vikur, mánuði eða ár. „Það var lítið til að byrja með en hefur verið stöðugt meira og minna,“ segir Þorvaldur, sem viðurkennir að það sé ekkert sérstaklega leiðinlegt að vera jarðvísindamaður þessi dægrin.

„Þetta er alltaf jafn gaman og það hefur verið gaman að fylgjast með þessu gosi því það hefur verið að gera hina og þessa hluti sem maður bjóst við og aðra sem maður bjóst ekki við.“ – bb

Yfirvöld ræða um næstu skref

COVID-19 Sóttvarnaryfirvöld munu fara yfir það næstu dagana hver viðbrögð heilbrigðisráðherra og sóttvarnalæknis verða við úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem reglugerð ráðherra um vistun komufarþega af rauðum áhættusvæðum í farsóttarhúsi var úrskurðuð ólögmæt.

Ómar R. Valdimarsson, lögmaður manns sem hefur þurft að dvelja síðustu daga í farsóttarhúsi, segir ólíklegt að úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur verði kærður til Landsréttar, tíminn til þess sé einfaldlega of naumur.

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær í þremur málum er snúa að lögmæti þess að skylda komufarþega frá áhættusvæðum í farsóttarhúsi.

Stjórnvöld biðla til þeirra sem eru í sóttkví í farsóttarhúsinu að klára sóttkvina þar þrátt fyrir fyrrgreindan úrskurð. Sjá síðu 2 og 4 / – hó



Fáðu fjórhjóladrifið **frítt!**
Skoðu úrvalið á www.hekla.is/volkswagensalur

Uppáhalds vinnufélagarnir
Áreiðanlegir vinnuþjarkar!

www.hekla.is · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · HEKLA 



Atvinnubílar



Guðmundur Felix glaðbeittur.

Fagnaði útskrift með grillveislu

LÍFIÐ Guðmundur Felix Grétarsson hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi í Lyon í Frakklandi en hann undirgækkst aðgerð þar sem hendur voru græddar á hann um miðjan janúar í upphafi þessa árs.

Guðmundur Felix, sem missti báðar hendur sínar í vinnuslysi fyrir um það bil tveimur áratugum síðan, greinir frá þessu í færslu á Facebook-síðu sinni. Þar segir hann að hann sé að fullu útskrifaður af sjúkrahúsi og nú taki við endurhæfing til þess að venja hendurnar við líkamann. Þannig muni hann mæta í sjúkráþjálfun á hverjum degi og halda til síns heima að því loknu. Þessum áfanga fagnaði hann með því að halda veglega grillveislu á heimili sínu í Lyon.

Aðgerðin sem framkvæmd var á Guðmundi Felix var afar flókin og umfangsmikil en þetta var í fyrsta skipti sem læknað græða handleggji á manneskju í Lyon. Læknar frá Édouard Herriot-sítalanum og Clinique du Park stóðu að baki aðgerðinni, sem stóð yfir í um 14 klukkustundir. – hó

Farþegar áfram fluttir á Fosshótel



Ferðamenn sem komu til landsins í gær frá Þjóðum sem skilgreind eru sem rauð áhættusvæði voru fluttir í Fosshótel að Þórunnartúni þar sem þeir eru skikkaðir til þess að vera í fimm daga sóttkví. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði hins vegar í gær að einstaklingar, sem kærðu reglugerð heilbrigðisráðherra og gátu synt fram á að þeir gætu verið í sóttkví á heimili sínu hérlendis, þurfi ekki að dvelja á hótelinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nemendur í Korpuskóla byrja vikuna á starfsdegi

SKÓLAMÁL Skólastarf hófst á nýjan leik í grunnskólum landsins í morgun eftir lokun vegna útbreiðslu kórónuveirunnar og páskafrís. Þeir nemendur sem hófu skólaárið í Fossvogsskóla og voru færðir í Korpuskóla í lok mars munu hins vegar ekki mæta í skólann í dag þar sem starfsdagur er í skólanum.

Húsnæði Fossvogsskóla er óstarfhæft vegna myglu og var starfsemi skólans flutt í Korpuskóla miðvikudaginn 24. mars. Kom hins vegar í ljós að rakaskemmdir eru í Korpuskóla og var skólastarfi þar hætt eftir einn dag. Í kjölfarið var skólastarf bannað vegna kórónuveirunnar fram að páskafríi.

Unnið hefur verið að viðgerðum, sem tengjast rakaskemmdum, undir eftirliti og sérfræðikunnáttu starfsfólks EFLU verkfræðistofu í kjölfar úttektar

» Ekki er hægt að hefja skólastarf í Korpuskóla í dag en kennsla hefst þar á morgun.

á húsnæðinu þar sem athugasemdir og myndir frá fulltrúum foreldra í skólaráði Fossvogsskóla voru höfð til hlidsjónar. EFLA hefur framkvæmt nánari skoðanir og unnið að endurbótum um páskana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun taka út húsnæðið í dag.

Haldinn verður skipulagsdagur í Fossvogsskóla við Korpu í dag en foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum hafa verið boðaðir á fjárfund í hádeginu í dag með skólastjórnendum og starfsmönnum EFLU verkfræðistofu. Skóli hefst síðan samkvæmt stundaskrá á miðvikudaginn. – hó

Heimurinn leitar að og hlustar á Húsavík

Húsavík hefur hoppað um borð í Netflix-lestina til að kynna bæinn og landið vegna komandi Óskarsverðlauna. Fulltrúi Netflix settist niður með byggðarráði og ræddi þar næstu skref. Ómetanlegt, segir varaformaður byggðarráðs.

SAMFÉLAG „Allt í einu er Húsavík orðinn nánast miðdepill tveggja stærstu sjónvarpsviðburða, annars vegar Óskarsverðlaunanna í Ameríku og hins vegar Eurovision í Evrópu. Þetta er eitthvað sem gerist bara einu sinni fyrir lítið sveitarfélag úti á landi,“ segir Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, varaformaður byggðarráðs Norðurljósa, en á fundi ráðsins kom James Knox, fulltrúi Netflix, og kynnti næstu skref sjónvarpsrisans er varðar lagið Húsavík og Óskarsstílnefningu þess.

Þeir Hinrik Wöhler, forstöðumaður Húsavíkurstofu, og Örlygur Hnefill Örlygsson fóru einnig yfir þýðingu óskarsstílnefningarinnar fyrir fyrirtæki í sveitarfélaginu og sveitarfélagið í heild. Örlygur sá tækifærið snemma og hefur haft veg og vanda að þessu verkefni og náði Netflix og nú bænum með sér í þessa kynningarferð.

Ada segir að þegar tilnefningin var kunngjörð hafi Netflix stökkið af stað og fengið leyfi til að notast við hitt og þetta til að kynna lagið og Húsavík um leið. Knox þessi býr í London og er að undirbúa áframhaldandi vinnu risans í samstarfi við höfuðstöðvarnar í Los Angeles. „Netflix er komin um borð í þessa lest og við fengum Knox til að koma og segja okkur hver væru næstu skref Netflix. Hvað þau væru að gera og hugsa. Þetta er svo mikil landkynning fyrir Ísland og Húsavík sem ferðamannastað.“

Hún segir að myndin hafi klárlega spilað inn í að fleiri ferðamenn komu til Húsavíkur í fyrra – ekki aðeins til að sprella vegna myndarinnar heldur til að njóta alls þess sem Húsavík býður upp á. „Starfsfólk á þekkingar-



Húsavík hefur verið í fréttum eftir að samnefnt lag var tilnefnt til Óskarsverðlauna sem afhent verða í apríl. Eurovision-keppnin tekur svo við í maí. Líklegt er að þar verði nafni bæjarins haldið á lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Við fengum Knox til að koma og segja okkur hver væru næstu skref Netflix. Hvað þau væru að gera og hugsa. Þetta er svo mikil landkynning fyrir Ísland og Húsavík sem ferðamannastað

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir



netinu, sem var pöbbinn í myndinni, segir mér að það hafi verið fólk fyrir utan á hverjum degi að öskra Ja ja ding dong og taka upp á Instagram,“ segir hún og hlær.

„Kannanir sýna að það er verið að leita töluvert meira að Húsavík og hvað bærinn hafi upp á að bjóða. Sérstaklega eftir að suður-kóreski kvartettinn söng lagið,“ segir hún en hljómsveitin Heartpresso söng lagið í vinsælasta skemmtipætti landsins, Phantom Singer: All Star, og sló í gegn. Yfir 200 þúsund manns hafa horft á lagið á Youtube. „Ekkert sveitarfélag hefur efni á að gera eitthvað svona líkt. Þetta er alveg ómetanlegt,“ segir Kolbrún Ada. benediktboas@frettabladid.is



“Mér finnst vont að blanda einu grænmeti við annað”

Einhverfa er alls konar Kaupna næluna á blarapríl.is

BLÁR APRÍL

Það hurðar enginn bílinn þinn á netinu!

Markmið Heimkaups er að bjóða upp á matvöru á lágu verði og vera leiðandi á sviði matvöruverslunar á netinu með heimsendingu. Í nýrri verðkönnun ASÍ* var Heimkaup oftast með lágsta verðið á matvöru.

Smelltu þér á netið og kláraðu að versla á þægilegan og ódýran máta. Við sendum svo vörurnar til þín.

heimkaup

Stjórnvöld biðla til fólks um að ljúka sóttkví í farsóttarhúsinu

COVID-19 Reglugerð sóttvarnaryfirvalda sem kveður á um að þeir einstaklingar sem koma koma til Íslands frá áhættusvæðum þurfi að vera í fimm daga sóttkví í farsóttarhúsi er ólögmat að mati Héraðsdóms Reykjavíkur.

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær í þremur málum er snúa að lögmati þess að skylda komufarþega frá áhættusvæðum í farsóttarhúsi.

Alls hafa fimm kærur er varða tólf einstaklinga verið lagðar fram og voru þrjár teknar fyrir í gær.

Jón Magnússon, lögmaður konu sem dvelur í farsóttarhúsi með dóttur sinni, segir að úrskurðinn eigi við um þá sem sýnt geti fram á að þeir geti verið í sóttkví á heimili sínu hérlendis. Úrskurðinn hafi að öllum líkindum fordæmisgildi fyrir þá sem eru í sams konar stöðu og umbjóðendur hans.



Þessi kona virtist una hag sínum vel í sóttkvinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrstu gestirnir mættu í sóttkvíarhótelinu þann 1. apríl síðastliðinn.

Í tilkynningu sem heilbrigðisráðuneytið sendi frá sér í gærkvöldi segir að ráðuneytið og sóttvarnalæknir fari nú yfir úrskurðinn.

Að svo komnu máli verður brugðist við úrskurðinum með þeim hætti að þeim sem eru á sóttkvíarhótelum verður gerð grein fyrir því að þeim sé frjálst að ljúka sóttkví

annars staðar, hafi þeir viðunandi aðstöðu til þess.

Eigi að síður biðla sóttvarnaryfirvöld til gesta um að ljúka sóttkví á sóttkvíarhótelinu, enda er það besta leiðin til að draga úr útbreiðslu Covid 19-sjúkdómsins.

Í framhaldinu mun ráðherra, í samráði við sóttvarnalækni, nota næstu daga til að skoða hvaða leið verður farin til að lágmarka áhættu á að smit berist inn í landið. – hó

Komið að því að bólusetja 1951-árganginn

COVID-19 Rúmlega tíu þúsund manns hafa verið boðaðir í bólusetningu vegna kórónuveirunnar í þessari viku. Þetta kemur fram í bólusetningardagatali Landlæknis. Bóluefni þrjú sem hafa borist hingað til lands, AstraZeneca, Pfizer og Moderna, verða notuð við bólusetningarnar.

Miðvikudaginn 7. apríl fá þeir seinni Pfizer-sprautuna sem fengu þá fyrri fyrir 18. mars. Á fimmtudaginn hefst bólusetning næsta aldurshóps í röðinni þegar allir fæddir 1951 og fyrr verða bólusettir með bóluefni AstraZeneca. Á föstudaginn verður svo heilbrigðisstarfsfólk, sem starfar utan stofnana, bólusett með Moderna. Bólusetning fer fram í Laugardalshöll alla þrjú dagana.

➤ Gert er ráð fyrir því að tveir þriðju þeirra sem eru á aldrinum 60–69 ára verði orðnir bólusettir í apríl.

Eins og staðan er núna hafa 50.259 fengið bóluefni og tæplega helmingur þeirra hefur fengið báðar sprauturnar. Í apríl er stefnt að því að bólusetja tvo þriðju þerra sem eru á aldrinum 60–69 ára og tæplega helming þeirra sem hafa undirliggjandi langvinna sjúkdóma.

Stærstur hluti þeirra sem bólusettir hafa verið hér á landi hafa fengið bóluefni frá Pfizer, eða um það bil 28 þúsund manns. Þar á eftir kemur AstraZeneca, um 17 þúsund. Rúmlega fjögur þúsund hafa verið bólusettir með Moderna. – hó

HELGARKROSSGÁTAN

Leysti helgarkrossgátuna Dregið hefur verið úr réttum lausnum við helgarkrossgátunni sem birtist í blaðinu 27. mars. Hinn heppni lesandi er Linda Leifsdóttir, Reykjavík. Fréttablaðið þakkar þeim fjölmörgu sem sendu inn lausnir og óskar Lindu til hamingju.

Mikill lóðaskortur á Akureyri gerir verktökum erfitt fyrir

Umtalsverður samdráttur er í íbúðarbyggingu á Norðurlandi og sérstaklega á Akureyri. Þar eru verktakafyrirtæki að verða lóðalaus og segist framkvæmdastjóri SS Byggir aldrei hafa kynnst öðru eins á þeim fjóru áratugum sem fyrirtækið hafi verið til. Pólitíkin geti ekki sent allt í nefndir og starfshópa.

BYGGINGAR Í nýrri talningu Samtaka iðnadarins á íbúðum í byggingu á Akureyri kemur í ljós að 149 íbúðir eru í byggingu, þar af 123 í fjölbýli. Á undanförunum 12 mánuðum hefur dregið úr umsvifum í byggingu íbúðarhúsnæðis þar á bæ og segir í skýrslu um málið að mikill lóðaskortur hamli uppbyggingu íbúða á Akureyri.

Sigurður Sigurðsson, framkvæmdastjóri SS Byggir, segir að hann hafi séð í hvað stefndi fyrir um tveimur árum en talað fyrir daufum eyrum stjórnmalamanna í bænum. „Við erum að fara að steypa okkar síðustu steypu eftir rúman mánuð, eftir það verðum við lóðalausir. Það er engin fjölbýlishúsalóð laus á Akureyri og ég held að það hafi verið tvær lausar einbýlishúsalóðir í síðustu viku. Svona er nú ástandið og mér skilst að flestir verktakar séu að verða lóðalausir,“ segir Sigurður.

SS Byggir var stofnað 1978 og er í hópi stærstu byggingafyrirtækja norðan heilda. Sigurður segir að um 90 manns séu í vinnu hjá sér og til að bregðast við lóðaskortinum rést fyrirtækið í uppbyggingu Hálanda í Hlíðarfjalli. „Þau svör sem ég fæ frá bænum eru að ný hverfi séu í hönnun. Við höfum verið að ýta á hlutina í að verða annað ár því við sáum í hvað stefndi. Það er meira að segja verið að spyrja okkur, hver kaupir þessar íbúðir? Mér finnst það ekki rétta spurningin. Íbúðir seljast. Við höfum verið að skila af okkur rúmlega einni íbúð á viku og erum að verða lóðalausir núna. Við erum, með undirverktökum, um 90 manns í vinnu og það er eins og það skipti engu máli.“

Þótt samdrátturinn sé mestur á



Afar fáar íbúðir eru á fyrstu byggingarstigum, sem er áhyggjuefni vegna væntanlegs framboðs á fullbúnu íbúðarhúsnæði. Sigurður bendir á að öruggasti tekjustofn sveitarfélaga séu fasteignagjöld og útsvar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

123

fjölbýli eru í byggingu á Akureyri samkvæmt talningu SI.

Akureyri er einnig verulegur samdráttur í fjölda íbúða í byggingu. Í þeim sveitarfélögum þar sem talningin fór fram eru nú 4.610 íbúðir í byggingu og hefur þeim fækkað um 1.131 á milli ára. Hefur ekki mælst meiri fækkun íbúða í byggingu síðan SI hófu íbúðatalningu á vor- mánuðum fyrir áratug.

Samdráttur íbúða í byggingu á landinu mælist um 20 prósent frá

talningu SI á sama tíma 2020. Mestur er samdrátturinn á íbúðum sem eru á byggingarstigum 4 og 5, eða um 23 prósent á milli ára. Um er að ræða íbúðir sem eru orðnar ferkeldar og að því að vera tilbúnar til innréttunga. Boðar þetta að veruleg fækkun gæti orðið á íbúðum á síðustu byggingarstigum á næstunni, samkvæmt skýrslu SI.

Sigurður er ekki hrifinn af nútímapólitík þar sem allt er sett í nefndir og starfshópa og jafnvel undirbúningsfélög til að undirbúa ákvörðun. „Það liggur við að ef einhver tekur ákvörðun sé viðkomandi skammaður. Það þarf allt að fara í gegnum fjórar eða fimm nefndir en við reukum ekki Ísland eða sveitarfélög á nefndum.“

Sumir bæjarfulltrúar, ég tek það

fram sumir, halda að við séum með frekju og að troðast með því að ýta eftir lóðum, en ég veit að ef við fáum lóð þá tekur um 10 mánuði að fá allar teikningar samþykktar og annað slíkt inn í kerfið. Við erum 43 ára fyrirtæki og þetta hefur aldrei verið svona áður.“

Hann segir að verktakar geti lítið annað en að lita í kringum sig og skoða sveitirnar í kring. Sigurður segir að hann hafi áhyggjur af því að önnur sveitarfélög taki fram úr Akureyri í fjölkjölda. Það sýni ákveðna stefnu, já eða skort á stefnu. „Akureyri var næstfjölmennasta sveitarfélagið í kringum aldamótin en verður komið í sjötta sæti áður en langt um liður. Það segir ýmislegt og sýnir að eitthvað er að.“

benediktboas@frettabladid.is

ÍS BAND ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA

UMBODSAÐILI

Jeep



RAM



VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

FIAT HÚSBÍLAR - ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



SMURÞJÓNUSTA

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVARSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 18:00 • OPIÐ FÖSTUDAGA 07:45 - 17:00

WIZAR

20% AFSLÁTTUR



Verð frá

167.920 kr.

Verð áður 209.900 kr.

Gildir aðeins meðan birgðir endast.

**Wizar hægindastóllinn sem Íslendingar elska.
Wizar fyrir lífsins ljúfu stundir.**

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Boris Johnson ávarpaði þjóð sína í gær og ræddi þar stöðu mála.

Boris boðaði tilslakanir í næstu viku

COVID-19 Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, staðfesti í gær að farið verði í afléttingu á útgöngubanni og samkomutakmörkunum á mánudaginn. Áður hafði verið ákveðið að halda áfram tilslökunum að fjórum skilyrðum uppfylltum.

Fyrsta skilyrðið var að bólusetning myndi ganga samkvæmt áætlun. Fram kom á fjölmíðlafundi forsætisráðherrans að 31,6 milljón manns hafi fengið fyrri skammtinn af bóluefninu. Þá hefur sjúkrahúsinnlögnum og tilfellum þar sem eldra fólk fær alvarleg einkenni kórónuveirunnar fækkað í kjölfar bólusetninganna.

Sjúkrahúsinnlögnum hefur svo almennt fækkað síðan í annarri bylgju faraldursins og flestir sem greinast eru með breska afbrigði veirunnar. Ekki er að merkja fleiri dauðsföll þó svo að fleiri afbrigði veirunnar hafi greinst í landinu.

» Bretar geta farið á krána og út að borða í næstu viku. Þá geta þeir ferðast á milli landshluta í bústaði sína.

Almenningsgarðar, krár og veitingahús verða opnuð á mánudaginn en ákveðnum sóttvarnareglum verður að hlíta á þeim stöðum. Þá mega búðir sem selja ekki nauðsynjavöru, hárgreiðslustofur, snyrtistofur, líkamsrækt og baðstofur taka úr lás eftir helgina. Sama má segja um dýragarða, skemmtigarða og kvikmyndahús, sem taka á móti gestum utandyra, bókasöfn og listasöfn.

Tveir einstaklingar mega heim-sækja þá sem dvelja á dvalarheimilum. Börn geta aftur farið að stunda tómstundir sínar sem fram fara innandyra. Þá má ferðast um Bretland en ekki má gista á hótelum eða gistiheimilum. Halda má jarðarfarir þar sem 30 mæta og brúðkaup og erfdirykkjur með allt að 15 gestum.

Ekki liggur fyrir hvenær verður hægt að leyfa ónauðsynleg ferðalög erlendis að nýju og fyrirkomulag bólusetningarskirteina hefur ekki verið meitlað í stein. – hó

Pútín má sitja í embætti áfram

RÚSSLAND Vladimir Pútín, forseti Rússlands, samþykkti í gær lög sem heimila honum að sitja áfram í embætti í tvö kjörtímabil til viðbótar.

Þá kemur fram í þessum lagabálki að þeir einstaklingar sem hyggist sækja um forsetaembættið í næstu kosningum þurfi að vera rússneskir ríkisborgarar sem eru eldri er 35 ára gamlir og hafa verið búsettir á rússneskri grundu í 25 ár.

Þá má komandi forsetaframbjóðandi ekki hafa búð til lengri tíma í öðru ríki eða haft erlent vegabréf.

Þetta ákvæði á ekki við um rússneska ríkisborgara sem hafa búð í þeim ríkjum sem Rússar hafa innlimað í sitt sambandsríki.

Rússar héldu atkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskrá sinni og er vinna í gangi við að uppfæra rússnesk lög í samræmi við niðurstöður þeirra kosninga. – hó

Skotar geta snyrt hársitt



Nicola Sturgeon, forsætisráðherra skosku heimastjórnarinnar, nýtti sér þær tilslakanir sem gerðar hafa verið í landinu vegna góðs árangurs við að hefta útbreiðslu kórónuveirunnar og skelltí sér í hársnyrtingu. Vel hefur tekist að koma böndum á veiruna á Bretlandseyjum og næstu daga verður lífið fært í átt að því að komast í eðlilegt horf. Þannig geta Bretar látið snyrta hárlubbann og lappað upp á úr sér genginn háralit. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hafa ekki stórar áhyggjur af fuglaflensu úti í heimi

Viðbúnaðarstig vegna varna gegn fuglaflensu hefur verið aukið. Sóttvarnir skulu viðhafðar til að hindra smit frá villtum fuglum í alifugla. Alvarleg afbrigði fuglaflensuveiru hafa greinst á þeim slóðum sem íslenskir farfuglar halda sig að vetri til. Forstjóri Reykjaráðs segir þó alla héraðis vera rólega.

SMITVARNIR Viðbúnaðarstig vegna varna gegn fuglaflensu hefur verið aukið. Starfshópur, sem skipaður er sérfræðingum Matvælastofnunar, Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar HÍ að Keldum, hefur metið ástandið og komist að þeirri niðurstöðu að töluverðar líkur séu á að alvarleg afbrigði fuglaflensuveirunnar berist með farfuglum sem nú eru farnir að streyma til landsins.

Í þeim faraldri sem geisar í Evrópu nú er smit frá villtum fuglum talin vera megin smitleiðin í alifugla. Það er því hættu á að alifuglar hér á landi smitist af þeim farfuglum sem koma frá syktum svæðum, sér í lagi þeir sem haldnir eru utandyra og þar sem smitvörnum er ábótavant.

MAST hefur því sett fjölmargar reglur um smitvarnir þar sem kemur fram að fuglarnir skulu hafðir inni í yfirbyggðum gerðum eða húsum. Tryggja skal góðan aðskilnað milli alifugla og villtra fugla og hús og gerði skulu fuglaheld. Tryggja skal að ekkert í umhverfi fuglahúsanna laði að villta fugla.

Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri Reykjaráðs, sem framleiðir Holtakjúkling, segir að allir séu rólegir enn þá en verið sé að vinna í yfirbyggðum aðgerðum. „Það er meðal annars verið að passa upp á að það myndist ekki aðstæður fyrir villta fugla til að búa sér til hreiður, eins og starra til dæmis. Að þeir komist ekki nálægt húsumum í rifur eða göt þar sem þeir gætu komið sér upp hreiður.“

Hann bendir á að strangt gæðaeftirlit sé með kjúklingaframleiðslu hér á landi og hvetur alla til að borða sem mest af kjúkling. „Ég get fullyrt að það er hvergi í heiminum lagt



Ekkert fer til spillis í framleiðslu Holtakjúklinga. Það sem ekki nýtist til manneldis fer í Orkugerðina og er ekkert urðað. Framkvæmdastjóri segist vera rólegur yfir tíðindum MAST. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

» Það er meðal annars verið að passa upp á að það myndist ekki aðstæður fyrir villta fugla til að búa sér til hreiður, eins og starra til dæmis.

Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri Reykjaráðs



meira upp úr öllum sýnatökum og heilbrigði af kjúklingi en hér á landi.

Það fer enginn kjúklingur á markað frá okkur fyrir en það liggur fyrir neikvæð sýnataka er varðar salmonellu.“

Í nýjum reglum MAST er meðal annars fjallað um að farga skuli öllum úrgangi úr fuglahúsum þannig að ekki stafi smithætta af honum fyrir alifugla og aðra fugla. Guðmundur bendir á að það sem verði eftir í vinnslu Reykjaráðs til manneldis fari aftur út í nátt-





úrna. Hluti fer í loðýrafóður en fiður og annað fer í Orkugerðina, fyrirtæki sem Reykjaráður á. „Þar er framleitt áburðarmjöl og fita sem verksmiðjan er keyrð áfram á. Hún notar ekki oliu eða aðkeypta orku nema lítills háttar rafmagn. Umframfita býr til lífdísil og mjólk fer í skógrækt og landgræðslu og uppræðslu á örfoka landi. Ekkert er urðað sem fellur til. Þetta verður allt að gróðri sem hefur reynst vel, í Heklusögum meðal annars.“ benediktboas@frettabladid.is



Fjölskyldupakkinn

Áskrift að Stöð 2 og Stöð 2+ fylgir með

Net, tveir farsímar og sjónvarp – allt á einum stað.

 +  +  +  = 19.990 kr.
ALLT ÓTAKMARKAÐ

Ófært



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Einn af grundvallarþáttum í ríkjum þar sem borgararnir treysta á lög og rétt er sá að reglur séu skýrar og auðskiljanlegar. Þau byggja á að fólk hafi frelsi til athafna að því marki að frelsi þess takmarki ekki frelsi annarra.

Flest viljum við að þannig sé gengið frá málum að ekki þurfi að efast um að réttilega hafi verið staðið að allri reglusetningu. Eftir því sem settar eru meiri hömlur og takmarkanir á borgarana eru ríkari kröfur gerðar til vandvirkni og reglurnar eigi stöð í lögum og jafnframt gangi ekki í berhögg við þau.

Reglurnar leiða til þess að farþegar eru hneptir í skyldusóttkví á hóteli, jafnvel þótt þeir eigi hér heimili og geti tekið út sóttkvína þar.

Ekki kom sérstaklega á óvart að héraðsdómur skyldi komast að þeirri niðurstöðu í gær að of langt væri gengið.

Í nýbreyttum sóttvarnalögum er sóttvarnahús skilgreint sem staður þar sem einstaklingur, sem ekki á samastað á Íslandi eða getur ekki eða vill ekki einangra sig í húsnæði á eigin vegum, getur verið í sóttkví eða einangrun vegna gruns um að hann sé smitaður af farsótt eða staðfest er að svo sé.

Ekkert í þessum texta fjallar um að skylda megi fólk til dvalar í þess konar húsum.

Það er reyndar heimild til sóttvarnalæknis til þess arna, en það er þegar aðstaðan er sú að fólk hafi fallist á samstarf um að fylgja reglum um sóttkví en í ljós komi að reyndin hafi verið önnur.

Í þessum reglum er vísað til ferðamanna. Hvort það hugtak tekur til Íslendinga á heimleið, eins og dæmi eru um meðal vistmanna í sóttvarnahúsi, er óljóst.

Í lögum segir að ráðherra sé heimilt að kveða á um í reglugerð að fólk gangist undir sóttkví óháð því hvort grunur sé um að þeir hafi smitast – en þá aðeins „til að bregðast við tiltekinni hættu eða bráðri ögn við lýðheilsu“.

Í fréttaskýringu á vef Fréttablaðsins frá því á laugardag kemur fram að þingmenn sem rætt var við hafi efasemdir um hvort þeir tímar sem við nú lifum og koma Íslendinga heim teljist „hætta eða bráð ögn við lýðheilsu“.

Þetta er lykilatriði. Þegar þessa lands verða að geta treyst því að ekki sé lengra gengið í takmörkunum og hömlum en nauðsyn krefur og heimilt er.

Stjórnvöld eru bundin af reglu um meðalhóf. Sú regla segir að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögsmætu markmiði, sem stefnt er að með ákvörðuninni, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Þess skuli þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn krefur.

Ekki ber á öðru en við þessa reglusetningu hafi meðalhófið gleymst.

Sóttvarnarádstafanir eru mikilvægar. Um þær þarf að vera sátt. Ekki var von til þess að svo yrði.

Við getum ekki líðið að gengið sé frjállega um grundvallarmannréttindi á borð við frelsi einstaklingsins. Við getum ekki sætt okkur við að fólk sé svipt frelsinu þegar önnur og vægari úrræði eru tiltæk.

Þetta er ófært.

Halldór



Einn af grundvallarþáttum í ríkjum þar sem borgararnir treysta á lög og rétt er sá að reglur séu skýrar og auðskiljanlegar.

Frá degi til dags

Fávítum varpað úr hrauni
Facebook-hópurinn Fávítavarpíð í Geldingahrauni var eldhress yfir páskahelgina þar sem háðfuglar krossfestu af miklum mót fólk sem treður sér í mynd og skyggir á beina vefútsendingu RÚV. Leikar æstust til muna þegar hin smánuðu bættust í hópinn til þess að verja væntanlega stjórnarskrárbundinn rétt sinn til athyglissýki og smána á móti spaugarana spörlötu sem nenna ekki í návígi við náttúruöflin. Hafi þótt vanta áminningu um hversu tilgangslaus og hallærisleg samfélagsmiðlarifriði eru reyndist þessi hópur sannkölluð opinberun.

Afstæð sóttkví
Stjórnarskrárvarinn réttur fólks til þess að dreifa COVID-19 var einnig í brennidepli vegna lúxusgúlagsins í Þórunnartúni. Magnús Karl Magnússon, prófessor við læknaeild HÍ, komst líklega býsna nærri kviku þess máls á Facebook þegar hann benti á að hitinn í umræðunni afhjúpaði hversu „sumir hafa tekið heimasóttkví frjállega“. Hann benti síðan á að munurinn á heimasóttkví og hótelsóttkví snerist í raun aðeins um staðsetninguna en ekki einangrunina sem slíka og að rétt væri „að muna að umræðan nú snýst um staðsetningu frelsissviptingar, ekki um hvort um frelsissviptingu sé að ræða eða ekki“. toti@frettabladid.is

Góður kennari skiptir sköpum!



Lilja Dögg Alfreðsdóttir
menntamálaráðherra

Of og tíðum eru fjölmörg mál sem biða úrlausnar mennta- og menningarmálaráðherra, enda sinnir ráðuneytið mikilvægum málaflokkum. Í störfum mínum sem ráðherra legg ég ætíð áherslu á stóru samfélagsmyndina. Ég velti því fyrir mér hvernig samfélag við viljum sem þjóð og hvernig framtíð við óskum okkur.

Stóra myndin er sú að við erum samfélag sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi menntun. Rannsóknir sýna okkur t.d. að góður námsorðaförði og hugtakaskilningur, ályktunarhæfni, ánægja af lestri og fjölbreytni lefnis vega mjög þungt í því að nemendur nái tökum á námsefni. Við vitum það einnig að góður kennari skiptir sköpum, og því tel ég kennara sinna einu mikilvægasta starfinu í okkar samfélagi. Eitt það fyrsta sem blasti við mér í mennta- og menningarmálaráðuneytinu var yfirvofandi kennaraskortur. Þess vegna er mikil áhersla lögð á kennaramenntun og nýliðun í nýrri menntastefnu sem samþykkt var nýlega á Alþingi.

Við höfum þegar markað stefnuna og sjáum árangurinn strax. Ný lög um menntun og hæfi kennara og skólastjórnenda hafa orðið að veruleika. Við höfum ráðist í umfangsmiklar og markvissar aðgerðir til að fjölga kennurum, t.d. með því að bjóða nemendum á lokaári meistaranáms til kennsluréttinda á leik- og grunnskólastigi launað starfsnám. Annað sem við gerðum var að bjóða nemendum á lokaári að sækja um námsstyrk sem gæti skapað hvata til að klára námið. Eftir að þetta átaksverkefni hófst árið 2018 fjölgaði umsóknum í kennaranám á grunn- og meistarastigi árin 2018 og 2019 um 454 umsóknir. Fjölgunin hélt áfram árin 2019 og 2020 en þá sóttu 585 fleiri um nám. Tölurnar sýna algjöran viðsnúning. Heildarfjölgun umsókna frá árinu 2018 er 153%. Markvissar aðgerðir skila árangri til framtíðar.

Þessi þróun er einstaklega ánægjuleg. Ég fagna því að hverjum degi að við erum skrefi nær því að ná markmiðum okkar um framúrskarandi menntakerfi.



Tölurnar sýna algjöran viðsnúning. Heildarfjölgun umsókna frá árinu 2018 er 153%.

RMI
OFNASMIDJAN



METALSISTEM®

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst **METALSISTEM®** hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfaflöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

Fullorðinsfræðslan og lýðræðið



Helgi Þ. Svavarsson
formaður
Leiknar, sam-
taka aðila í full-
orðinsfræðslu

Á síðustu árum hefur lýðræði og borgaravítund víða um heim staðið höllum fæti. The Economist greindi frá því á dögunum að á síðasta ári hefði staða lýðræðis versnað í 70 prósent ríkja. Þarna kemur einnig fram að einungis rúm 8 prósent jarðarbúa búa í algjöru lýðræði (e. full democracy). Þessar tölur eru sláandi og illt til þess að vita að þessi veika staða lýðræðis fari enn versnandi í COVID-19 faraldrinum.

Eitt skilvirkasta valdataeki einræðisherra er að halda fólkinu fávísu og mata það á röngum upplýsingum. Saka andstæðinga sína um lygar og undirferli að tilhæfuleisu en ljúga og setja fram staðhæfingar sem enga skoðun standast. Þessa tilhneigingu sá heimsbyggðin hjá Hitler, Stalín og í Suður-Afríku aðskilnaðarstefnunna. Í dag beita leiðtogar eins og Lúkashenko, Pútín og síðast en ekki síst Trump í Bandaríkjunum slíkum aðferðum til að ná völdum og halda þeim. Í Evrópu höfum við því miður einnig verið að sjá aukna tilhneigingu í þessa átt hjá Victori Orban í Ungverjalandi. Dæmin eru óteljandi en öll bera þau að sama brunni. Til að veikja lýðræði er dregið úr menntun og röngum staðhæfingum haldið að fólki. Staðhæfingum sem skyndilega verða að viðurkenndri skoðun, með jafnt vægi á við staðreyndir og má í því samhengi nefna aukinn fjölda þeirra sem halda því fram að jörðin sé flöt.

Sögulega hefur menntun skipað mjög stóran sess við lýðræðismótun og virkjun borgaravítundar. Um leið höfðu lýðræðishreyfingar áhrif á stofnanir fullorðinsfræðslunnar, enda eru mörg samtök um fullorðinsfræðslu sprottin úr jarðvegi baráttuhreyfinga um mannréttindi. Fullorðinsfræðslan hefur skapað vettvang fyrir gagnrýna og opna umræðu þar sem fólk kemur saman, lærir um sig og aðra, eykur viðsýni og byggir upp mennsku sína. Góð menntun almennings er því grundvöllur lýðræðis og gagnrýnin hugsun er grundvöllur góðrar menntunar. Þess vegna ráðast valdasjúk öfl fyrst á möguleika okkar til að þróa með okkur gagnrýna hugsun og letja okkur til lýðræðislegar þátttöku með áherslu á gagnrýnilausa foringjadyrkun. Aukin stafræn væðing og aðgengi að upplýsingum hefur greitt götu slíkra aðila á síðustu árum. Í auknum mæli koma algorythmar og ofhlæði upplýsinga í veg fyrir að einstaklingar heyri sjónarmið sem eru andstæð þeirra eigin sjónarmiðum. Þar með minnkar hæfni þeirra til þess að meta áreiðanleika og gildi eigin skoðana. Þessi einhæfni upplýsinga styrkir fólk í rangfærslum, dregur úr umburðarlyndi og viðsýni og leiðir til þess að samsæriskenningar blómstra.

Fullorðinsfræðsla er tækni til að þróa gagnrýna hugsun og valdefflingu, þróa líflegt og hvetjandi samfélag sem og þekkingu og verkunnáttu. Fullorðinsfræðslan á Íslandi hefur tók á að verða mjög öflugur vettvangur fyrir ræktun gagnrýnnar hugsunar, borgaravítundar og efflingu lýðræðis hér á landi. Net símenntunarmiðstöðva og fullorðinsfræðslustofnana um allt land vinna mjög mikilvægt samfélagslegt starf. Hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins liggja t.a.m. vottadar námskrár sem er ætlað að efla grunnhæfni einstaklinga, gagnrýna hugsun og styrkja fólk til að lifa og starfa í lýðræðislegu þjóðfélagi. Má þar nefna námskrár eins og Sterkari starfsmann, Grunnmennt, Stökkpall og Íslenska menningu og

samfélag. Til viðbótar þessu eru alls konar námskeið í boði hjá símenntunardeildum háskólanna og einkareknum fræðsluáðilum um allt land sem stuðla að vexti einstaklinga og þar með betra samfélagi.

Leikn, samtök fullorðinsfræðslu aðila á Íslandi, tekur undir orð Evrópusamtaka fullorðinsfræðslunnar (EAEA) og telur að lýðræði, samtal milli menningarheima, samfélagslegt réttlæti og samvinna séu lykkillinn að samfélagi þar sem virðing,



Fullorðinsfræðslan hefur skapað vettvang fyrir gagnrýna og opna umræðu þar sem fólk kemur saman, lærir um sig og aðra, eykur viðsýni og byggir upp mennsku sína.

þátttaka og samheldni ríkir. Við þurfum fullorðinsfræðslu til að endurspegla samfélagsaðstæður og áskoranir, til þess að læra af fyrirferðarmiklum málefnum svo sem aukinni róttækni, fólksflutningum og vaxandi samfélagslegum ójöfnuði. Þessi málefni hafa sýnt að efla þarf lýðræðisleg viðhorf, umburðarlyndi og virðingu. Það gerir fullorðinsfræðslan með því að efla ábyrgðartilfinningu og þá tilfinningu að tilheyra lýðræðislegri hefð.

Að þessu sögðu viljum við hjá Leikn beina orðum okkar til stjórnvalda. Ísland hefur átt því láni að fagna að hér á landi er öflugt fullorðinsfræðslukerfi sem að mörgu leyti hefur verið vannýtt til verka. Við sem þjóð verðum að minna okkur á það hversu dýrmætt og brothætt lýðræðið er. Að mörgu leyti má segja að uppspretta lýðræðisins liggja í fullorðinsfræðslu þess tíma og því má draga þá ályktun að viðhald lýðræðisins liggja í fullorðinsfræðslu þessa tíma.

Alvöru rafmagnshjól frá enox.®

Sennilega allra bestu rafhjólakaupin á þessu vori

Umhverfisvænt - 250W
25 km hraði - Drægni 70 km



Nýtt
karlmanns-
reiðhjól

Væntanlegt
í lok apríl

Mest seldu rafhjólin í Húsasmíðjunni, á ótrúlegu verði

164.900 kr

3903103, 3903104



FYRIR ÞIG

Rafmagnshjól ENOX EBX37 – EBX34

Enox Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36v rafhlaða undir bögglabera, Bafang mótór að framan, hleðslutími 3-6 klst., Tektro V bremsur. Stillanlegt framstýri, ljós að framan og aftan, bögglaberi, bretti, bjalla, keðjuhlíf, dempari að framan, áfastur lás fylgir með.

Fást aðeins í Húsasmíðjunni



enox.®
enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Stórstjarna í hverju horni í Brooklyn

Meistaraefnin í Brooklyn Nets halda áfram að bæta vopnum í sóknarbúr sitt en stærri spurning er hvornig gengur að fá þá til að verjast og spila sem liðsheild. Fimm leikmenn liðsins eiga fjörutíu stjörnuleiki að baki en tveir þeirra hafa unnið meistaratitla.

NBA „Ég held að skýrasta mælieiningin um hversu margar stjórnur í þessu liði sé að kíkja á fjölda stjörnuleikja hjá þessum leikmönnum. Þessi fimm manna samsetning er ein og sér með fjörutíu stjörnuleiki,“ segir Kjartan Atli Kjartansson, körfuboltasérfræðingur á Stöð 2 Sport og höfundur bókarinnar Hrein karfa, aðspurður út í stjórnnum prýtt lið Brooklyn Nets. Fyrir tímabilið var mikil spennan að fylgjast með því hvornig Kevin Durant og Kyrie Irving tækist að stilla saman strengina í Brooklyn og um leið var ljóst að þeir væru líklegir til afreka ef samvinnan myndi ganga vel. Síðan þá hefur Brooklyn bætt við þremur leikmönnum sem hafa allir á undanförunum árum verið í aðalhlutverki hjá frambærilegum liðum innan NBA-deildarinnar.

„Ég held að það séu tvö lið í sögu NBA-deildarinnar sem hafa verið með leikmannahóp sem taldi fleiri stjörnuleiki en þetta Brooklyn Nets lið er með.“

Landslagið í NBA-deildinni gjörbreyttist þegar Brooklyn Nets náði í James Harden frá Houston Rockets. Til þess þurfti Brooklyn að farna framtíðaráhorfum liðsins í nýliðavalinu til næstu ára en ef það endar með meistaratitli fara forráðamenn liðsins ekkert að kvarta undan því. Þetta er í raun ekki í fyrsta sinn sem forráðamenn Nets voru tilbúnir að tefla djart í von um skammtímagróða. Átta ár eru liðin síðan Brooklyn sótti meistarakeppna Boston Celtics í Kevin Garnett, Paul Pierce og Jason Terry í skiptum fyrir þrjá valrétti í fyrstu umferð nýliðavalsins í von um að blanda sér í meistarabaráttuna. Þegar liðið er í baksýnis-spegilinn var það hræðileg ákvörðun hjá Brooklyn, sem átti eftir að kosta félagið til nokkurra ára en dró ekki úr kjarki Brooklyn þegar félagið sendi fjóra valrétti í fyrstu umferð nýliðavalsins til að fá Harden um borð fyrir í vetur.

Síðan þá hefur félagið fengið Blake Griffin og LaMarcus Aldridge til sín til að bæta fleiri sóknarvopnum í búrið. Fyrir vikið er komin ógnvænleg breidd og getur verið erfitt fyrir ansdæðingana að ákveða hvar áherslurnar verða í varnarleiknum.



James Harden og Blake Griffin eru hluti af því stjörnuliði sem Brooklyn Nets hefur sett saman í NBA-deildinni í körfubolta karla. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Þetta hefur verið tíska undanfarin ár, að skapa þessi ofurlið, en það er sérkennilegt að þeir fengu báða leikmennina. Fyrir vikið eru fleiri stjörnuleikmenn til staðar en það verður gaman að sjá hvornig þeim tekst að stilla saman strengi sína. Griffin og Aldridge gefa þeim ekkert endilega það sem þurfti til, þeir eru öflugir sóknarmenn sem þurfa að hafa boltann en eru ekki miklir varnarmenn. Þá gæti Kevin Durant þurft að verja hringinn, eins og hann gerði vel hjá Warriors. Durant er að mörgu leyti vanmetinn varnarmaður og ég á von á því að hann beiti sér betur á þeim enda þegar kemur að úrslitakeppninni,“ segir Kjartan og heldur áfram:

●● **Þetta hefur verið tíska undanfarin ár, að skapa þessi ofurlið, en það er sérkennilegt að þeir fengu báða leikmennina.**

Kjartan Atli Kjartansson



„Tölfræðin í NBA sýnir að sóknin gengur best með Jeff Green inni á vellinum sem miðherja. Það eru ekki mörg lið sem ná að verjast öllum

þessum skyttum inni á vellinum á sama tíma en með þessu geta þeir haldið áfram að teygja á vörn andstaðinganna þar sem bæði Aldridge og Griffin geta hitt úr þriggja stiga skotum.“

Kjartan tók undir að lykilatriðið væri að ná að halda öllum ánægðum enda aðeins einn bolti í boði fyrir leikmenn sem eru vanir að vera með lyklna í sóknarleik sinna liða.

„Þeir þurfa og virðast vera tilbúnir að gefa afslátt á eigin egói, sem er nauðsynlegt ef þetta lið ætlar sér meistaratitilinn. Það eru til dæmi um það í meistaraliðum Miami Heat og Boston Celtics. James Harden þarf að reka af sér þetta slyðruorð að hann sé slakur í úrslitakeppninni

og hann virðist vera spenntur fyrir því að vera partur af góðri liðsheild og meistaraliði.“

Þá eru allir leikmennirnir á besta aldri, ólíkt því þegar Brooklyn reyndi sömu tilbrigði árið 2013 með misheppnuðum árangri.

„Þegar félagið reyndi þetta síðast, í eigu Mikhail Prokhorov, var það byggt á evrópskri hugmynd að hægt væri að reyna að kaupa titilinn. Það er flóknara landslag en í NBA-deildinni. Þeir settu á sínum tíma öll eggin í sömu körfu sem reyndist ekki burðugt en þeir nálgast þetta á annan hátt í dag. Þeim hefur tekist að selja leikmönnum þetta verkefni og eru að fá þá til sín á besta aldri.“
